



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2026

## Ákvörðun um sekt vegna óviðunandi verðmerkinga Gullsmiðju Óla

### I. Málsmeðferð

1. Daga 17. – 19. mars 2026 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í verslunum í Kópavogi. Kom starfsmaður Neytendastofu þ. á m. í verslun Gullsmiðju Óla í Hamraborg sem rekin er af Gó gull ehf. ehf. Í skoðuninni voru verðmerkingar kannaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í verslun væri ábótavant. Sérstakar athugasemdir voru gerðar við óverðmerkt hálsfesti, skríni, hringa og armbönd. Þá var ástand verðmerkinga á útstillingum einnig metið ábótavant. Af hálfu félagsins kom fram verið væri að vinna að breytingum í versluninni.
2. Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðun hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.
3. Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 24. mars 2026, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðu skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



4. Þann 9. apríl 2026, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Enn voru gerðar athugasemdir við ástand verðmerkinga inni í versluninni og ástand þeirra metið sem ábótavant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við sex bakka af skartgripum og eyrnalokkum án sýnilegra verðmerkinga í skáp verslunarinnar.
5. Með bréfi Neytendastofu til Gó gull ehf., dags. 22. apríl 2026, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum og/eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.
6. Með tölvubréfi félagsins til Neytendastofu, mótt. 7. maí 2026, kom fram að félagið taldi að málið væri leyst hvað varði skápa og glugga. Þá kom fram að verðmerkingar á bökkunum séu allar aftan á skartgripunum. Ef fólk vilji sjá það sem er á bökkunum þurfi einhver frá félaginu að draga þá út og setja á borðið fyrir framan viðskiptavininn en þá sést verðið um leið og skartgripnum er lyft upp. Þá kom fram að allir bakkarnir væru frá aðilum sem sérhæfðu sig í að innrétta skargripaverslanir. Að lokum var tekið dæmi þar sem verðmerkingar verslunarinnar var borið saman við verðmerkingar inni í fataverslun.
7. Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.

## II. Niðurstaða

8. Í máli þessu hefur Gó gull ehf. ekki sinnt fyrir mælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun félagsins, Gullsmiðju Óla í Hamraborg, í viðunandi horf innan tilskilins frests.
9. Samkvæmt 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 skal fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 17. gr. og 18. gr. laganna er Neytendastofu veitt heimild til setningar frekari ákvæða um verðmerkingar og það hefur stofnunin gert með reglum nr. 536/2011. Í umræddum reglum kemur m.a. fram að fyrirtæki skuli skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum, þ.m.t. í búðargluggum, sýningarkössum og annars staðar, sbr. 1. og 3. mgr. 3. gr. reglnanna.
10. Í svari félagsins kom fram að búið væri að haga verðmerkingum með þeim hætti að verðmerkingar séu staðsettar aftan á skartgripum og til að nálgast verðmiðann þurfi að fá starfsmann til að draga bakka út, setja hann á borðið og lyfta upp skargripnum. Þá voru



verðmerkingar verslunarinnar bornar saman við verðmiða fataflíka. Samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum ber seljendum að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði á sýnilegan hátt. Að mati Neytendastofu getur fyrrnefnt fyrirkomulag verðmerkinga ekki talist sýnilegt neytendum, né verið borið saman við verðmerkingar á fötum, þar sem neytendur geti ekki handfjatlað vöruna sjálfir og nálgast verðupplýsingar með einföldum hættir án aðstoðar starfsfólks.

11. Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninni og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðundandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem stofnunin hefur.
12. Undir rekstri málsins tóku í gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur verðmerkingum fyrirtækja líkt og deilt er um í fyrirbyggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005. Þá halda reglur nr. 536/2011 gildi þar til sett hefur verið reglugerð samkvæmt lögum nr. 44/2026 sbr. 42. gr. laganna. Í ljósi alls ofangreinds telur Neytendastofa rétt að beita þeim eftirlitsúrræðum sem stofnuninni eru veitt skv. IX. kafla laga nr. 44/2026. Samkvæmt þeim getur stofnunin gripið til úrræða gagnvart þeim sem brjóta gegn ákvæðum laganna. Aðgerðirnar geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði ásamt beitingu dagsekta og stjórnvaldssekta.
13. Við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (lex mitior). Brot vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57/2005 en sektarrammi þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarrammi en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.
14. Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum og að ekki hafi verið gerðar fullnægjandi umbætur til að draga úr tjóni neytenda, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Gó gull ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III. Ákvörðunarorð:

„Gó gull ehf., Asparlundi 9, 210 Garðabæ, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í versluninni Gullsmiðja Óla á Hamraborg 5.

Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Gó gull ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 5. júní 2026

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir